

# Vinnslustöðin hf.

---

Árshlutareikningur í EUR

---

**30. júní 2009**

Vinnslustöðin hf.  
Hafnargötu 2  
900 Vestmannaeyjar  
kt. 700269-3299

---

# Vinnslustöðin hf.

---

Árshlutareikningur í EUR

---

30. júní 2009

## Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-21

---

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2009. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Við viljum vekja athygli á því að samanburðartölur í rekstrarreikningi og sjóðstreymi í árs hlutareikningnum eins og þær eru framsettar í EUR, eru ekki kannaðar af okkur. Við könnuðum hins vegar árs hlutareikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir sama tímabili í ISK.

Vestmannaeyjum, 21. ágúst 2009

## Deloitte hf.

Þorvarður Gunnarsson  
endurskoðandi

Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) samþykkt af Evrópusambandinu, auk viðbótar upplýsinga sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok tímabils, rekstrarárangri tímabilsins og fjárhagslegri þróun á tímabilinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur 25 milljónum EUR á tímabilinu. Hagnaður af rekstri félagsins nam 2,9 milljónum EUR. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins rúmum 97 milljónum EUR í lok tímabils. Eigið fé 30. júní 2009 nam 26,8 milljónum EUR og var eiginfjárhlutfallið 27,6%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó ekki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Hefur stjórnin sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. hafa farið yfir og samþykkt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið janúar – júní 2009 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum, 21. ágúst 2009

## Í stjórn

Haraldur Gíslason

Leifur Leifsson

Sigurjón Óskarsson

Kristín Gísladóttir

## Framkvæmdastjóri

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2009

	Skýr.	Jan - júní 2009	Jan - júní 2008
Rekstrartekjur .....	3	24.695.881	32.397.306
Aðrar tekjur .....		349.144	329.139
Kostnaðarverð seldra afurða .....		(13.959.274)	(17.187.162)
Laun og tengd gjöld .....		(5.821.785)	(8.041.921)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(327.702)	(421.342)
Afskriftir .....	4,5	(1.575.154)	(2.435.618)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>3.361.110</u>	<u>4.640.402</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....		578.010	(1.587.792)
Fjármunatekjur .....	16	28.983	201.614
Fjármagnsgjöld .....	16	<u>(654.378)</u>	<u>(1.486.297)</u>
Hagnaður fyrir skatta .....		3.313.725	1.767.927
Tekjuskattur .....	11,14	<u>(410.357)</u>	<u>1.681.190</u>
<b>Hagnaður</b>		<u><u>2.903.368</u></u>	<u><u>3.449.117</u></u>
Hagnaður á hverja krónu hlutafjár .....		0,18	0,21

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	30.6.2009	31.12.2008
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5,6	26.784.010	27.636.171
Varanlegar fiskveiðiheimildir .....	4	38.747.889	38.747.889
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	7	7.432.831	6.589.258
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	7	51.311	51.870
Lán til tengdra félaga .....		1.138.252	0
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....		24.522	30.119
Tekjuskattsinneign .....	11	995.341	1.405.698
		<u>75.174.156</u>	<u>74.461.005</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	8	10.433.144	6.718.670
Viðskiptakröfur .....	9	5.838.958	4.598.587
Kröfur á hlutdeildarfélög .....		0	3.064.793
Aðrar skammtímakröfur .....		655.346	620.725
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		831.341	142.253
Handbært fé .....		4.151.454	2.520.892
		<u>21.910.243</u>	<u>17.665.920</u>
<b>Eignir</b>		<u>97.084.399</u>	<u>92.126.925</u>

## 30. júní 2009

Eigið fé og skuldir	Skýr.	30.6.2009	31.12.2008
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	10	16.493.475	16.493.475
Lögbundinn varasjóður .....		2.521.930	2.521.930
Óráðstafað eigið fé .....		7.829.973	4.926.605
Eigið fé		<u>26.845.378</u>	<u>23.942.009</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldabréfalán .....	12	52.622.090	56.727.245
		<u>52.622.090</u>	<u>56.727.245</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		3.272.141	0
Viðskiptaskuldir .....		4.800.037	3.525.743
Skuldir við hlutdeildarfélög .....		276.723	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	6.166.746	4.882.575
Aðrar skammtímaskuldir .....		3.101.284	3.049.353
		<u>17.616.931</u>	<u>11.457.671</u>
Skuldir		<u>70.239.021</u>	<u>68.184.916</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>97.084.399</u></u>	<u><u>92.126.925</u></u>

## Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

	Hlutafé	Yfirverðsr. hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Yfirfært 1.1.2009.....	16.493.474	0	2.521.930	4.926.605	23.942.009
Hagnaður 30.júní .2009.....				2.903.368	2.903.368
Heildarafkoma 30.júní .2009.....	16.493.474	0	2.521.930	7.829.973	26.845.378
Staða 30.júní .2009.....	16.493.474	0	2.521.930	7.829.973	26.845.378

	Hlutafé	Yfirverðsr. hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Yfirfært 1.1.2008.....	16.493.474	(1.481.709)	2.521.930	11.196.535	28.730.230
Hagnaður 30.júní 2008.....				3.449.117	3.449.117
Heildarafkoma 30.júní 2008.....	16.493.474	(1.481.709)	2.521.930	14.645.652	32.179.347
Greiddur arður.....				(3.610.668)	(3.610.668)
Staða 30.júní 2008.....	16.493.474	(1.481.709)	2.521.930	11.034.984	28.568.679



# Sjóðstreymi janúar - júní 2009

Skýr.	Jan - júní 2009	Jan - júní 2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður .....	2.903.368	3.449.117
Afskriftir .....	1.575.154	2.435.618
Tekjuskattsskuldbinding .....	410.357	(1.681.190)
Gengismunur og verðbætur .....	(183.779)	(139.003)
Sölutap eigna .....	0	8.182
Áhrif hlutdeildarféлага .....	(578.010)	1.587.792
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>4.127.090</b>	<b>5.660.516</b>
Vörubirgðir (hækkun) .....	(3.714.474)	(4.911.109)
Skammtímakröfur lækkun (hækkun) .....	1.375.676	(5.320.685)
Skammtímaskuldir lækkun .....	1.326.225	3.935.111
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>3.114.517</b>	<b>(636.167)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfest í fiskiskípum og veiðiheimildum .....	(238.850)	0
Fjárfest í fasteignum, vélum, áhöldum og tækjum .....	(522.015)	(1.470.328)
Afborgun skuldabréfaeigna .....	7.987	4.653
Seldir fastafjárm., áhættufjárm. og langtímakr. ....	37.872	0
Lán til tengdra féлага .....	(1.138.252)	0
Hlutabréf, stofnsjóðir og aðrir bundnir reikningar .....	(265.563)	(5.390.999)
	<b>(2.118.821)</b>	<b>(6.856.674)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Ný lán og afborganir langtímaskulda .....	(2.637.276)	(5.218.276)
Skammtímalán lækkun .....	3.272.141	9.205.627
Greiddur arður .....	0	(3.610.668)
	<b>634.865</b>	<b>376.682</b>
Hækkun (Lækkun) handbærs fjár .....	1.630.562	(7.116.158)
Handbært fé í ársbyrjun .....	2.520.892	9.505.757
Handbært fé í lok tímabils .....	<b>4.151.452</b>	<b>2.389.599</b>

# Skýringar

---

## Starfsemi

1. Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum var stofnuð árið 1946 og er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið gerir út 3 toggskip, 2 netabáta og 2 uppsjárarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfiskverkun, humarvinnslu og frýstingu bolfisks og uppsjárarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjólsværksmiðju.

## Reikningsskilaaðferðir

### Staðlar og túlkánir sem taka gildi á reikningsskilatímabilinu

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IAS/IFRS) og nýjar túlkánir (IFRIC) sem tóku gildi á reikningsskilatímabilinu. Hér á eftir er yfirlit um þessa staðla og túlkánir.

#### **IFRS 8 -Starfþættir**

IFRS 8 segir til um hvernig félög eigi að gera grein fyrir upplýsingum um starfþætti.

#### **IAS 1 (endurbættur 2007) - Framsetning reikningsskila**

Endurbætur á IAS 1 fela í sér að sýna þarf sérstaklega heildarafkomu tímabilsins (e. comprehensive income) en með heildarafkomu er átt við breytingar á eigin fé aðrar en þær sem tengjast hluthöfum. Heimilt er að setja fram yfirlit um heildarafkomu á tvo vegu. Annars vegar að bæta viðeigandi eigin fjár hreyfingum við hefðbundinn rekstrarreikning og draga þannig fram heildarafkomu, hins vegar að birta yfirlit um heildarafkomu í sérstöku tölu yfirliti til viðbótar við hefðbundinn rekstrarreikning.

Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn fyrir utan þær viðbótarupplýsingar sem IFRS 8 gerir kröfur um.

### Útgefnir staðlar og túlkánir sem ekki eru komnir á gildisdag

Hér á eftir er yfirlit um nýja og endurbætta staðla og túlkánir sem ekki eru komnar á gildisdag:

IFRS 3 (endurbættur 2008) - *Sameining félaga*, (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IAS 27 (endurbættur 2008) - *Samstöðureikningskil og aðgreind reikningskil*, (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IAS 28 (endurbættur 2008) - *Fjárfestingar í hluteildarfélögum*, (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IAS 31 (endurbættur 2008) - *Hlutdeild í samreksri*, (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IAS 39 (endurbættur 2008) - *Fjármálagæringar: Skeráning og mat*, (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IFRIC 17 - *Úthlutun eigna til eigenda, í öðru en reidufé* (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar)

IFRIC 18 - *Yfirlit eigna frá viðskiptavinnum* (tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar).

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2009 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregin árshlutareikningur Vinnslustöðvarinnar hf. Inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnumreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2008. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum, að því undanskyldu að afleiðusamningar og fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði.

Árshlutareikningur félagsins er settur fram í EUR, en stjórn félagsins hefur ákvarðað að EUR sé starfsrækslugjaldmiðill félagsins frá og með árinu 2008.

### Skráning og mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda og er hún sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Kaupgengi Seðlabanka	
	30.6.2009	30.6.2008	30.6.2009	31.12.2008
Íslenskar krónur (ISK) .....	0,01	0,01	0,01	0,01
Bandaríkjadalur (USD) .....	0,71	0,63	0,71	0,71
Sterlingspund (GBP) .....	1,18	1,26	1,18	1,03
Kanadadalur (CAD) .....	0,61	0,63	0,61	0,58
Dönsk króna (DKK) .....	0,13	0,13	0,13	0,13
Norsk króna (NOK) .....	0,11	0,12	0,11	0,10
Sænsk króna (SEK) .....	0,09	0,11	0,09	0,09
Svissneskur franki (CHF) .....	0,66	0,62	0,66	0,67
Japanskt jen (JPY) .....	0,01	0,01	0,01	0,01

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinnvegn er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er reiknaður miðað við það skatthlutfall sem talið er að muni verða gildandi þegar eignin nýtist eða skuldin verður greidd. Frestaður skattur er færður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist fjárhæðum sem færðar eru beint í gegnum eigið fé, en þá er skatturinn einnig færður meðal eigin fjár.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum söluhagnaði í framtíðinni.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimum. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 38 eru eignir þessar ekki afskrifaðar.

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söliverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Þegar um er að ræða fjárfestingu í félögum þar sem félagið hefur veruleg áhrif og fjárfestingin flokkast ekki undir það að vera dótturfélag, þá er fjárfestingin meðhöndluð sem hlutdeildarfélag. Beitt er hlutdeildaraðferð við mat á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum.

### Eignarhlutar í öðrum félögum

Fjárfestingar í öðrum félögum eru fjárfestingar í hlutafélögum sem ekki falla undir að vera hlutdeildarfélög eða dótturfélög. Slíkum fjárfestingum fylgja hvorki veruleg áhrif né yfirráð. Eignarhlutar í öðrum félögum eru metnir á gangvirði.

### Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrosentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir. Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söliverði að frádrögnum kostnaði við sölu og dreifingu. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirlegin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

### Afleiðusamningar

Félagið gerir afleiðusamninga til að takmarka gengisáhættu vegna rekstrarstarfsemi. Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Eftir upphafs færslu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning meðal fjármagnsliða. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal eigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal skulda. Félagið hefur ekki skilgreint afleiðusamninga sem áhættuvörn í samræmi við IAS 39.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af lausu fé og óbundnum bankainnstæðum að frádregnum yfirdráttarlánum.

### Skuldabréfalán

Skuldabréfalán eru færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabils eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna skuldabréfalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaði vegna nýrra lána er dreift á lífúma láns miðað við aðferð virkra vaxta.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi EUR 0,4 milljónum. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2009 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.

Í maí 2008 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% og öðlaðist þessi lagabreyting gildi frá og með 1. janúar 2008. Áhrif lækkaðs skatthlutfalls á tekjuskattsskuld í upphafi árs nemur EUR 1.152 milljónum og er lækkin tekjufærð í rekstrarreikningi á árinu.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	30.6.2009		30.6.2008	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
(Tap), hagnaður fyrir skatta.....	3.313.725		3.449.117	
Skatthlutfall .....	497.059	15,0%	517.368	15,00%
Breyting á tekjuskattshlutfalli .....	0	0,0%	(1.152.172)	-33,40%
Áhrif gengismunar .....	0	0,0%	(1.284.555)	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(86.702)	-2,6%	238.169	6,91%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	410.357	12,4%	(1.681.190)	-48,7%

# Skýringar

## Starfsþáttayfirlit

3. Í stjórnunaregum tilgangi þá er rekstri félagsins að mestu skipt upp í þrjá hluta - fiskvinnslu, útgerð og vörusölu. Annar rekstur félagsins er það lítil að umfangi að honum er ekki skipt upp. Á þessari skiptingu, þ.e. rekstrarstarfsþáttarskiptingu, er því starfsþáttayfirlit félagsins byggt.

Afkoma starfsþátta fyrstu sex mánuði 2009 var eftirfarandi:

	Fiskvinnsla	Útgerð	Vörusala	Innbyrðis sala	Samtals
Heildarsala .....	18.294.216	9.838.510	2.893.145	(6.329.990)	24.695.881
	18.294.216	9.838.510	2.893.145	(6.329.990)	24.695.881
Vergur hagnaður .....	3.065.084	606.959	3.515		3.675.558
Aðrar tekjur .....					349.144
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....					(663.592)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>					<b>3.361.110</b>
Áhrif hlutdeildarféлага .....					578.010
Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur .....					(625.395)
<b>Hagnaður fyrir skatta .....</b>					<b>3.313.725</b>
Tekjuskattur .....					(410.357)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>					<b>2.903.368</b>
Eignir, skipt niður á starfsþætti:					
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14.632.216	12.151.794			26.784.010
Varanlegar fiskveiðiheimildir .....					38.747.889
Aðrar eignir .....					31.552.500
<b>Eignir alls .....</b>					<b>97.084.399</b>
Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti:					
Langtímaskuldir .....					52.622.090
Skammtímaskuldir .....					17.616.931
<b>Skuldir alls .....</b>					<b>70.239.021</b>

Afkoma starfsþátta fyrstu sex mánuði 2008 var eftirfarandi:

	Fiskvinnsla	Útgerð	Vörusala	Innbyrðis sala	Samtals
Heildarsala .....	20.730.973	13.620.315	5.471.480	(7.425.462)	32.397.306
	20.730.973	13.620.315	5.471.480	(7.425.462)	32.397.306
Vergur hagnaður .....	2.822.090	2.484.899	(11.673)		5.295.316
Aðrar tekjur .....					329.139
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....					(984.053)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>					<b>4.640.402</b>
Áhrif hlutdeildarféлага .....					(1.587.792)
Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur .....					(1.284.683)
<b>Hagnaður fyrir skatta .....</b>					<b>1.767.927</b>
Tekjuskattur .....					1.681.190
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>					<b>3.449.117</b>
Eignir, skipt niður á starfsþætti:					
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15.066.035	13.226.004			28.292.039
Varanlegar fiskveiðiheimildir .....					36.765.125
Aðrar eignir .....					21.744.045
<b>Eignir alls .....</b>					<b>86.801.209</b>
Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti:					
Langtímaskuldir .....					49.966.112
Skammtímaskuldir .....					8.266.417
<b>Skuldir alls .....</b>					<b>58.232.529</b>

# Skýringar

## Óefnislegar eignir

	30.6.2009
<b>4. Kostnaðarverð</b>	
Staða í ársbyrjun 2008.....	36.765.125
Eignfært á árinu .....	1.982.764
Staða í árslok 2008.....	38.747.889
Stofnverð 30.6.2009.....	38.747.889
Bókfært verð í ársbyrjun 2008.....	36.765.125
Bókfært verð í árslok 2008.....	38.747.889
Bókfært verð 30.6.2009.....	38.747.889

Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiarinu frá 1.9.2008 til 31.8.2009 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks tegundar í lok tímabils:

	Aflahlutdeild í prósentum	Úthlutað aflamark í tonnum	Úthlutað aflamark í þorskígildis tonnum	Staða aflamarks í lok tímabils í tonnum
<u>Veiðiheimildir í bolfiski</u>				
Þorskur.....	2,2386%	2.892	2.892	1.003
Ýsa.....	2,7655%	1.956	1.350	1.101
Ufsi.....	5,3884%	2.850	1.083	789
Karfi.....	6,1769%	3.088	1.297	410
Langa.....	4,9816%	279	137	53
Keila.....	1,1713%	58	19	7
Steinbítur.....	0,7496%	80	48	62
Skötuselur.....	7,7107%	185	248	17
Úthafskarfi.....	0,7686%	113	46	0
Grálúða.....	2,5538%	352	433	161
Skarkoli.....	4,0469%	242	196	44
Þykkvalúra.....	3,4392%	70	85	34
Langlúra.....	3,5492%	72	36	25
Sandkoli.....	4,1609%	38	11	1
Skráplúra.....	3,8951%	36	9	1
		12.311	7.890	3.708
<u>Aðrar veiðiheimildir</u>				
Humar.....	18,6632%	118	552	87
Rækja.....	0,6280%	44	22	44
Síld.....	9,9818%	15.471	1.083	386
Loðna.....	10,2531%	1.537	138	0
Norsk-íslensk síld.....	6,8158%	16.248	1.462	10.561
Kolmurni.....	3,6869%	3.530	212	353
		36.948	3.469	11.431
Aflaheimildir alls.....		49.259	11.359	15.139

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun 2008.....	15.773.386	42.005.578	16.343.051	74.122.015
Eignfært á árinu .....	787.329	1.236.909	1.268.157	3.292.395
Selt og aflagt á árinu.....	(75.666)			(75.666)
Staða í árslok 2008.....	16.485.049	43.242.487	17.611.208	77.338.744
Selt eða niðurfært á tímabilinu .....	0	0	(37.872)	(37.872)
Viðbót á tímabilinu .....	0	238.850	522.015	760.865
Stofnverð 30.6.2009.....	16.485.049	43.481.337	18.095.351	78.061.737
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun 2008.....	5.453.553	27.123.687	12.275.510	44.852.750
Selt og aflagt á árinu .....	(21.792)	0	0	(21.792)
Afskriftir ársins.....	629.192	3.319.683	922.741	4.871.616
Staða í árslok 2008.....	6.060.953	30.443.370	13.198.251	49.702.574
Selt eða niðurfært á tímabilinu .....	0	0		0
Afskrifað á tímabilinu .....	322.836	886.173	366.145	1.575.154
Afskrifað samtals 30.6.2009.....	6.383.789	31.329.543	13.564.395	51.277.727
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun 2008.....	10.319.833	14.881.891	4.067.541	29.269.264
Bókfært verð í árslok 2008.....	10.424.096	12.799.117	4.412.958	27.636.171
Bókfært verð 30.6.2009.....	10.101.260	12.151.794	4.530.956	26.784.010
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....				1.575.154
				1.575.154
Fasteignir.....				25 ár
Skip.....				8 - 17 ár
Vélar og framleiðslutæki.....				5 - 9 ár



# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

6. Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í lok tímabils greinist þannig:

Fasteignir og lóðir:	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Fiskimjölsverksmiðja.....	1.797.200	6.073.425	4.774.091
Fiskiðjuver.....	1.408.078	8.400.600	1.933.727
Aðrar eignir.....	1.646.738	4.709.125	3.393.442
	<u>4.852.015</u>	<u>19.183.150</u>	<u>10.101.260</u>
Skip og fylgihlutir:			
Kap II VE-7.....		1.132.141	1.023.701
Sighvatur Bjarnason VE-81.....		3.530.035	2.407.833
Gandi VE-171.....		601.665	287.655
Jón Vídalín VE-82.....		1.296.888	1.075.121
Drangavík VE-80.....		2.353.356	2.027.443
Brynjólfur VE-3.....		1.859.581	1.292.877
Kap VE-4.....		4.706.713	3.010.560
Ísleifur VE-63.....		1.029.593	1.026.601
		<u>16.509.972</u>	<u>12.151.795</u>
Vélar og framleiðslutæki.....		13.178	4.530.956
	<u>4.852.015</u>	<u>35.706.300</u>	<u>26.784.010</u>

## Eignarhlutar í félögum

7.	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi	Bókfært verð
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:				
Skipaafgreiðslan ehf. ....	100,00%	20.620	Löndun	31.574
Huginn ehf.....	48,0%	23.982	Útgerð	3.772.289
About Fish ehf.....	49,0%	49.340	Umboðssala	510.700
Ufsaberg útgerð hf. ....	35,0%	152.801	Útgerð	3.104.995
Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja ehf.....	34,0%	14.295	Rannsóknir	13.272
				<u>7.432.831</u>

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu greinist þannig:

	Afkoma	
	30.6.2009	30.6.2008
Skipaafgreiðslan ehf. ....	10.954	0
Huginn ehf.....	463.906	(1.559.602)
About Fish ehf.....	87.197	(28.189)
Ufsaberg útgerð hf. ....	15.953	0
	<u>578.010</u>	<u>(1.587.792)</u>

Eignarhlutar í öðrum félögum:

	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.....	2,8%	3.615
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.....	8,0%	26.425
Ísfélag Þorlákshafnar hf.....	0,6%	9.085
Kraftplast ehf.....	4,8%	10.965
H. Sigmundsson ehf.....	6,7%	8.224
Virðisrýrnun.....		(45.852)
		<u>51.311</u>
Samtals eignarhlutir í öðrum félögum .....		<u>51.311</u>
Samtals eignarhlutir í félögum .....		<u>7.484.141</u>

# Skýringar

## Birgðir

8. Birgðir félagsins í lok tímabils greinast þannig:

	30.6.2009	31.12.2008
Afurða- og hráefnisbirgðir.....	9.410.661	5.697.169
Veiðarfærabirgðir.....	739.102	768.236
Rekstrarvörubirgðir.....	283.381	253.265
	<u>10.433.144</u>	<u>6.758.483</u>

## Viðskiptakröfur

	30.6.2009	31.12.2008
9. Viðskiptakröfur.....	5.950.746	4.716.254
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(111.788)	(117.667)
	<u>5.838.958</u>	<u>4.598.587</u>

## Eigið fé

10. Heildarhlutafé félagsins er ISK 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar ISK hlut í félaginu. Þar sem starfsrækslugjaldmiðill félagsins er EUR er hlutafé félagsins fært miðað við árslokagengi 31.12.2007.

Hlutafé samkvæmt árs hlutareikning nemur EUR 16.493.474 og greinist það þannig:

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins .....	17.160.088
Eigin hlutabréf .....	<u>(666.613)</u>
	<u>16.493.475</u>

## Tekjuskattsinneign/Tekjuskattsskuldbinding

11.

Breyting skattskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign í ársbyrjun 2009.....	(1.405.698)
Tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning.....	410.357
	<u>(995.341)</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	933.522
Óefnislegar eignir .....	781.258
Aðrir liðir.....	290.213
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	<u>(3.000.334)</u>
	<u>(995.341)</u>

Félagið mun skila skattframtali í ISK en semur ársreikning sinn í EUR í samræmi við heimildarúkvæði í síðustu málsgrein 91. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

# Skýringar

## Langtímaskuldir

12. Yfirlit langtímaskulda:	30.6.2009	31.12.2008
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í USD.....	9.413.556	9.850.784
Skuldir í JPY.....	11.839.331	13.030.544
Skuldir í GBP.....	3.619.545	3.293.242
Skuldir í CHF.....	10.294.370	10.811.700
Skuldir í EUR.....	19.277.262	20.144.845
Skuldir í öðrum myntum.....	3.806.133	3.658.120
	<u>58.250.197</u>	<u>60.789.235</u>
Skuldir í ISK .....	538.639	820.585
	<u>58.788.836</u>	<u>61.609.820</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>(6.166.746)</u>	<u>(4.882.575)</u>
Langtímaskuldir samkvæmt árshlutareikningi.....	<u>52.622.090</u>	<u>56.727.246</u>
13. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabils greinast þannig næstu ár:		
Næsta árs afborganir.....	6.166.746	4.882.575
Afborganir 1.7.2010-30.6.2011.....	11.037.746	18.289.911
Afborganir 1.7.2011-30.6.2012.....	11.168.971	6.051.917
Afborganir 1.7.2012-30.6.2013.....	3.987.000	4.054.029
Afborganir 1.7.2013-30.6.2014.....	5.359.000	5.554.735
Afborganir síðar .....	21.069.373	22.776.653
	<u>58.788.836</u>	<u>61.609.820</u>

## Skattamál

14. Skattar á afkomu tímabilsins janúar - júní 2009 hafa verið reiknaðir og færðir í árshlutareikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna tímabilsins.

# Skýringar

## Gjaldmiðlaskiptasamningar

15. Félagið hefur gert framvirka gjaldmiðlasamninga og valréttarsamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Nettóskuldbinding vegna samninganna er EUR 1.517.383.

Fjármálaeftirlitið tók yfir bankana Glitni hf. og Kaupþing hf. í október 2008 en á þeim tíma var félagið með opna afleiðusamninga við þá. Stjórnendur félagsins líta svo á að forsendur samninganna hafi brostið við yfirtöku bankanna og hafa krafist þess að notað verði opinbert gengi Seðlabanka Íslands á þeim tíma við uppgjör samninga. Gjald dagar allra samninganna voru á því tímabili sem opinbert gengi Seðlabanka Íslands miðaðist við gengisvísitölu ISK 175 gagnvart öðrum gjaldmiðlum, en á þeim tíma höfðu starfsmenn bankanna ekki heimild til neinna viðskipta og ógjörningur var að loka samningunum og eina úrræðið var að framlengja samningana um fácinna daga. Fácinum dögum eftir fall bankanna, og fyrir uppgjörsdag samninganna, rifti Vinnslustöðin hf. framlengingunni, enda var getuleysi bankanna til að standa við sínar skuldbindingar algert. Frá gjalddaga og fram að framlengingardegi veiktist gengi ISK gagnvart öðrum gjaldmiðlum um EUR 3.739.854 á stöðu gerðra samninga. Félagið hefur itrekað sent bréf til skilaneftnda bankanna vegna uppgjör samninganna.

Einn valréttarsamningur er opin við Glitni hf. Hann er í ISK á móti EUR og er uppreiknaður samkvæmt gengi ISK þann 31.12.2008. Hins vegar álíta forsvarsmenn félagsins að forsendur samningsins hafi brostið við yfirtöku bankanna á sama hátt og forsendur gjaldmiðlaskiptasamninganna og hafa farið fram á að samningurinn verði gerður upp miðað við gengisvísitölu ISK 175 gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Gjaldmiðlasamningarnir hafa ekki verið gerðir upp á reikningsskiladegi vegna deilna um viðmiðunargengi. Samningarnir hafa verið færðir í reikningsskilin miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 10. október 2008 vegna varfærnisssjónarmiða en með því eru stjórnendur félagsins alls ekki að viðurkenna skuldbindingu vegna þeirra.

Gjaldfallnir óuppperðir gjaldmiðlaskiptasamningar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	<u>Staða m.v gengi 30.6.2009</u>	<u>Staða m.v gengi gjald.d samnings</u>	<u>Bókfærð staða gengi 10.10.2008</u>
Eign í ISK/ skuld GBP.....	(583.190)	(327.928)	(67.388)
Eign í ISK/ skuld USD.....	(1.557.583)	(1.244.253)	(82.674)
Eign í ISK / skuldir í GVT.....	<u>(4.614.724)</u>	<u>(2.999.759)</u>	<u>(682.023)</u>
	(6.755.497)	(4.571.940)	(832.086)

# Skýringar

## Önnur mál

16. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	30.6.2009	30.6.2008
Vaxtatekjur .....	23.975	184.418
Verðbreytingar á verðbréfum á verðbréfamarkaði .....	0	3.475
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður .....	5.008	13.720
	<u>28.983</u>	<u>201.613</u>
Vaxtagjöld .....	(1.087.654)	(751.870)
Gengismunur og verðbætur.....	433.835	(104.121)
Sölutap / virðisrýrnun áhættufjármuna.....	(559)	0
	<u>(654.378)</u>	<u>(855.991)</u>
	<u>(625.395)</u>	<u>(654.378)</u>

## Sjóðstreymi

17. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs:

	Jan - júní 2009	Jan - júní 2008	2007	2006	2005
Afkoma ársins.....	2.903.368	3.449.117	6.971.612	4.845.573	8.927.537
Afskriftir.....	1.575.154	2.435.618	5.599.649	3.950.004	4.302.535
Reiknaður tekjuskattur og verðbreytingarfærsla.....	410.357	(1.681.190)	1.662.822	1.064.078	1.092.186
Verðbreytingar langtímaskulda.....	(183.779)	(139.003)	(4.313.540)	(1.099.346)	(5.006.440)
Aðrar breytingar.....	(578.010)	1.595.974	1.380.616	212.046	(259)
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<u>4.127.090</u>	<u>5.660.516</u>	<u>11.301.160</u>	<u>8.972.356</u>	<u>9.315.560</u>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(2.338.798)	(10.231.794)	1.643.647	(3.442.561)	1.397.096
Rekstrartengdum skuldum.....	1.326.225	3.935.111	(1.423.987)	851.381	228.697
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>3.114.517</u>	<u>(636.167)</u>	<u>11.520.821</u>	<u>6.381.175</u>	<u>10.941.353</u>

# Skýringar

---

## Rekstrarhæfi

18. Við fall bankanna síðastliðið haust sköpuðust óvenjulegar og sérstakar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði, eins og þeim er lýst í lögum nr. 125/2008, settum 6. október 2008. Félagið er í skilum með öll sín lán og við lánadrottna félagsins. Ef lausnir stjórnvalda á Íslandi í peningamálum, sem verið er að vinna að, leiða til venjulegrar stöðu í rekstri fyrirtækja á Íslandi er að mati stjórnenda félagsins flest sem bendir til þess að hægt verði að reka félagið til framtíðar.

## Samþykki árshlutareiknings

19. Árshlutareikningurinn var samþykktur af framkvæmdastjóra og stjórn þann 21. ágúst 2009.